

Lykilupplýsingar fjárfesta

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þennan sjóð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar hjálpa þér við að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa þær, svo að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú ræðst í fjárfestingu.

GAMMA: Credit Fund, sjóðsdeild í Fjárfestingarsjóði GAMMA Capital Management hf.

ISIN: IS0000023000

Sjóður þessi er rekinn af rekstrarfélaginu GAMMA Capital Management hf.

MARKMIÐ OG FJÁRFESTINGARSTEFNA

Markmið

Markmið GAMMA: Credit er að auka að raunvirði verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu í innlendum skuldabréfum og vaxtaafurðum.

Fjárfestingarstefna

GAMMA: Credit er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir í innlendum skuldabréfum og vaxtaafurðum. Sjóðnum er skylt að fjárfesta að minnsta kosti 25% af heildareignum í skráðum skuldabréfum og víxlum útgefnum af fyrirtækjum, sveitarfélögum, fjármálafyrirtækjum (s.s. sértrygð skuldabréf) og öðrum fyrirtækjum. Sjóðnum er auk þess heimilt að fjárfesta allt að 50% af eignum sjóðsins í skuldabréfum og víxlum útgefnum af ríkissjóði, aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðir með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðalánasjóði.

Arður

Vextir, vaxtavextir, arðgreiðslur og aðrar tekjur eru endurfjárfestar.


Fjárfestingartímabil

Ráðlegging: sjóður þessi gæti verið óhentugur fyrir fjárfesta sem hyggjast taka fé sitt út innan tveggja ára.

Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda. Hægt er að kaupa og selja hlutdeildarskírteini alla virka daga. Kauppantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 14:00 eru afgreiddar að tveimur dögum liðnum (T+3). Sölupantanir eru afgreiddar að tíu dögum liðnum (T+3).

Lágmarksfjárhæð viðskipta er 10.000 kr.

ÁHÆTTA OG ÁVÖXTUN



Áhættumælikvarðinn mælir áhættuna vegna verðsveiflna. Mælingin byggir á sögulegum mánaðarlegum gögnum um verðsveiflur sjóðsins frá því hann hóf rekstur 25. mars 2013.

Sjóðurinn mælist í 2. flokki áhættumatsins. Það þýðir að kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðsins fylgir einhver hættu á verðsveiflum. Lægsta áhættuflokkunin merkir ekki að fjárfesting í sjóðnum sé áhættulaus. Áhættumælikvarðinn getur breyst án fyrirvara.

Ávöxtun sjóðsins getur verið háð verulegum breytingum milli ára. Tap eða hagnaður einstakra fjárfesta getur því ráðist af tímasetningu kaupa eða sölu hlutdeildarskírteina.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhluta í sjóðnum, en áhættumælikvarðinn nær ekki yfir, eru markaðsáhætta, lausafjáraáhætta, vaxtaáhætta, mótaðilaáhætta, uppgjöráhætta, rekstraráhætta, þ.m.t. vegna vörslu eigna, verðbólguáhætta og aðrar ytri aðstæður.

Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Fjárfesting í fjárfestingarsjóðum felur í sér áhættu og fjárfestingarsjóðir eru áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóðir.

Nánari umfjöllun um áhættu er að finna í útboðslýsingu sjóðsins á www.gamma.is og er væntanlegum fjárfestum ráðlagt að kynna sér hana vandlega.

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.


Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu	
Gjald við kaup	0,75%
Gjald við sölu	0,75%
Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu áður en fjárfest er/áður en afrakstur af fjárfestingu þinni er greiddur út.	
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli	
Viðvarandi gjöld	1,39%
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tiltekna aðstæður	
Árangurstengd þóknun	0,0%

Gjöld vegna kaupa og sölu eru hámarksgjöld sem rekstrarfélaginu er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins. Í sumum tilfellum er mögulegt að gjaldið sé lægra, en upplýsingar um slíkt má nálgast hjá söluaðila sjóðsins.

Viðvarandi gjöld eru byggð á útgjöldum fyrir árið 2017. Fjárhæð viðvarandi gjalda kann að vera breytileg frá ári til árs. Undanskilinn er viðskiptakostnaður vegna eignasafns.

Frekari upplýsingar um gjöld er að finna á bls. 28-31 í útboðslýsingu sjóðsins á www.gamma.is.

FYRRI ÁRANGUR



Söguleg ávöxtun er hvorki vísbending um né trygging fyrir framtíðarávöxtun. Eignarhlutdeild í fjárfestingarsjóði getur lækkað jafnt sem hækkað.

Allar ávöxtunartölur eru í ISK að frádregnum kostnaði (viðvarandi gjöld, viðskiptakostnaði og öðrum kostnaði sem fellur á sjóðinn). Gjaldmiðill sjóðsins er ISK.

Sjóðurinn er stofnaður 25. mars 2013.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Vörsluaðili sjóðsins er T Plús hf. Sjóðurinn er rafrænt skráður svo hægt er að geyma skírteini í sjóðnum hjá hvaða bankastofnun sem er.

GAMMA: Credit er sjóðsdeild í Fjárfestingarsjóði GAMMA. Sjóðsdeildir hafa aðskilinn fjárhag og hver sjóðsdeild ber ábyrgð á sínum skuldbindingum.

Frekari upplýsingar um sjóðinn og gengi sjóðsins, upplýsingablað og útboðslýsingu má nálgast á www.gamma.is.

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina er skattskyldur á Íslandi, samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996. Fjárfestum er bent á að skattalöggjöf heimaríkis sjóðsins kann að hafa áhrif á skattalega stöðu þeirra.

GAMMA Capital Management hf. ber aðeins ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem koma fram í skjali þessu og eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta lýsingar fjárfestingarsjóðsins.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru aðeins gefin út í einum flokki.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

GAMMA Capital Management hf. hefur starfsleyfi á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Þessar lykilupplýsingar eru réttar m.v. 19. október 2018.